



47. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 18. janúar 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, og Þröstur Friðfinnsson. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Áður en var gengið til dagskrár bauð formaður stjórnar Katrínu Sif Ingvarsdóttur velkomna til starfa í stjórn SSNE, en hún er nú fulltrúi Dalvíkurbyggðar/Fjallabyggðar í stjórninni í stað Helga Einarssonar sem óskaði fyrir í vikunni eftir lausn frá störfum. Formaður þakkaði Helga einnig fyrir vel unnin störf.

1. Úthlutun Uppbyggingarsjóðs

Framkvæmdastjóri greindi frá því að 3,3 m.kr. eru nú lausar til úthlutunar vegna fyrri verkefna sem ekki hafa verið kláruð innan ramma eða forsendur breyst. *Stjórn samþykkir að þessum fjármunum verði bætt við úthlutun uppbyggingarsjóðs Sónknaáætlunar Norðurlands eystra sem nú stendur yfir.*

2. Endurskoðun samþykta SSNE

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað og samantekt vegna endurskoðunar samþykta SSNE. *Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og jafnframt upplýsa sveitarfélögin um að samþykktirnar verði teknar upp á næsta ársfundi. Málið verður tekið upp aftur á næsta stjórnarfundi.*

Þórunn Sif yfirlag fundinn kl. 14.02.

3. [Græn Skref SSNE](#)

Kristín Helga Schiöth verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins undir þessum lið og kynnti verkefnið Græn Skref SSNE. *Stjórn þakkar fyrir kynninguna og hvetur sveitarfélögin til þátttöku í verkefninu.*

4. Sónknaáætlun Norðurlands eystra

Rætt um kynningarmál í tengslum við Sónknaáætlun Norðurlands eystra. *Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.*

5. Drög að samningi við Íslandsstofu

Lögð fram drög að samstarfssamningi við Íslandsstofu sem Íslandsstofa hefur óskað eftir að gera við öll landshlutasamtökin. *Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að undirrita samninginn.*

6. Innviða- og samgöngustefnuhópur

Rætt um stöðu vinnu í innviða- og samgöngustefnuhópi.

7. Efni til kynningar

- a. [Fundargerð 89. stjórnarfundar SSNV frá 10. janúar sl.](#)

Katrín Sif yfirgaf fundinn kl. 14.53.

8. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra
Framkvæmdastjóri kynnti það sem helst hefur verið á döfinni í starfsemi SSNE frá síðasta stjórnarfund.
- b. Stofnkostnaður vegna Stéttarinnar
Framkvæmdastjóri kynnti samantekt vegna stofnkostnaðar vegna Stéttarinnar. Kostnaðurinn rúmaðist innan fjárhagsáætlunar ársins 2022.
- c. Umsóknir vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða
Elva Gunnlaugsdóttir kynnti þær umsóknir sem sendar verða inn frá SSNE.

Fundi slitið kl. 15.08.